

Fjölvalsspurningar

Tungufoss 1

Maður selur draug

1. Hverju laug hinn ungi Dingbo frá Nanyang að draugnum?

- Drengurinn þóttist vera sonur sýslumannsins
- Drengurinn sagðist vera svona þungur af því að hann væri lifandi
- Drengurinn sagði að hann væri sjálfur draugur
- Drengurinn laug til um aldur sinn

2. Hvorum fannst erfiðara að bera hinn?

- Drengnum fannst erfiðara að bera drauginn en öfugt
- Draugnum fannst erfiðara að bera drenginn en öfugt
- Þeim fannst jafnerfitt að bera byrðina
- Þeim fannst jafnlétt að bera byrðina

3. Hvaða mikilvægu upplýsingar fékk ungi maðurinn frá draugnum?

- Að draugar þyldu ekki mannshráka
- Að draugar ættu erfitt með að bera lifandi menn
- Að draugar ættu erfitt með að bera nýdauða menn
- Að draugar gætu breytt sér í geit

4. Hvað hafði ungi maðurinn upp úr krafsinu?

- Fimmtán evrur
- Fimmtán hundruð japönsk jen
- Fimm þúsund krónur
- Fimmtán hundruð krónur

5. Sagan um manninn sem seldi drauginn gæti kennt okkur að...

- við eigum að hlýða öllu sem draugarnir segja við okkur
- við eigum að sýna hugrekki gagnvart neikvæðum öflum
- við ættum að geta brugðið okkur í allra kvikinda líki
- besta leiðin til að verða ríkur sé að treysta samferðamönnum sínum

Baðhús sem hæli fyrir ásókn

1. Hvað er það sem virðist gera baðhúsið að góðri vörn gegn draugum?

- Þar eru upplýsingar um draugavarnir
- Þar er hiti og ljós, og þar er opið á nóttunni
- Þar eru regnhlífur til sölu
- Þar eru tágakörfur sem setja má á höfuðið til að blekkja drauga

2. Hvaða misskilningur varð milli mannanna tveggja undir regnhlífinni?

- Annar þeirra hélt að hinn væri draugur
- Þeir héldu að þeir hefðu leiðrétt allan misskilning á brúnni
- Misskilningurinn fólst í tungumálaörðugleikum
- Hvor um sig hélt að hinn væri draugur

3. Hvað er sérstakt við baðhússögurnar sem draugasögur?

- Það er enginn draugur í þeim
- Draugarnir í þeim eru svo ólíkir
- Draugarnir eru óvenjulega kraftlitlir
- Draugarnir minna á Djáknann á Myrká

4. Baðhússögurnar gætu kennt okkur að ...

- óttinn er undirrót framfara
- menn fyllast oft ótta að ástæðulausu
- mikilvægt sé að trúa á drauga
- sannleikurinn sé sagna bestur

Tian Buman

1. Hver af eftirfarandi fullyrðingum á við um Tian Buman?

- Hann er seinn til svara
- Hann lætur drauginn taka sig á taugum
- Hann reynir að hafa alla góða til að sleppa sem best
- Hann er öruggur í framkomu og skjóttur til svara

2. Í orðum draugsins birtist viss ádeila á samfélagið. Merktu við rétt svar.

- Draugurinn segir að þeir sterku fari illa má þá sem minna mega sín
- Draugurinn deilir hart á hina veiku
- Draugurinn deilir á þá sem ekki bera sig karlmannlega
- Draugurinn deilir á spillingu í öllum stéttum samfélagsins

3. Segja má að rödd draugsins sé ...

- rödd þess sem stjórnar samfélaginu
- rödd þess sem minna má sín í samfélaginu
- rödd þess sem vill bæta samfélagið
- rödd spillingaraflanna í samfélaginu

4. Því má halda fram að sagan af Tian Buman...

- eigi að kenna okkur að taka tillit til hinna smáu og þjáðu
- eigi að kenna okkur að margur verði af aurum api
- eigi að hvetja menn til að sýna hugrekki
- eigi að hvetja menn til undirgefni

Jóhann Jónsson

1. Hvar og hvenær lést Jóhann Jónsson?

- Í Ólafsvík árið 1896
- Í Reykjavík árið 1952
- Í Leipzig árið 1932
- Á Snæfellsnesi 1896

2. Áberandi stíleinkenni í *Vögguvísu* er ...

- persónugerving
- viðlíking (samlíking)
- myndhverfing
- endurtekning

3. merktu við andstæður í *Vögguvísu*.

- sofa – vaka
- svefn – hávaði
- sól – tungl
- allt – ekkert

4. Hver eru rímorðin í *Vögguvísu* Jóhanns?

- ró – mó – bjó; allt – falt
- ró – sjó – nóg; allt – skalt
- ró – hló – nóg – skóg
- ró – snjó – hló – nóg

5. Sýndu fram á að vorið sé persónugert í kvæðinu *Ég man þig*.

- Vorið er látið bera laufið í lundinn
- Vorið er svalt eins og hrím
- Vorið kemur eins og heitur loftstraumur
- Það vorar alltaf aftur

6. Bentu á andstæður í kvæðinu *Ég man þig*.

- haust – hrím
- ár – sár
- vor – haust
- tár – sár

7. Í síðustu vísunni í *Ég man þig* kemur fram að skáldið hafi...

- elskað tvær konur
- búið með konunni sem hann elskaði
- í rauninni aldrei elskað neina konu
- ekki elskað nema eina konu

Þegar neyðin er stærst

1. Hvernig er málshátturinn sem hefst á orðunum „Þegar neyðin er stærst“?

- Þá er þörfin mest
- Þá þarf nakin kona að spinna
- Þá er hjálpin næst
- Þá er eins gott að fara vel með aurana sína

2. Talað er um kreppuna í upphafi sögu. Getur þú út frá því ímyndað þér hvenær sagan á að gerast?

- Um 1930
- Um 2008
- Á árunum 1914–1918
- Á árunum 1939–1945

3. Í hvaða borg gerist sagan?

- Í New York
- Í London
- Í Reykjavík kreppuáranna
- Í Chicago

4. Hvað hafði Leo verið lengi matarlaus?

- Einn dag
- Tvo daga
- Þrjú daga
- Viku

5. Hvers vegna stakk ókunni maðurinn þunga hlutnum í vasa Leos?

- Af því að lögreglan var á hælum hans
- Af því að hann vantaði peninga
- Af því að hann vorkenndi Leo
- Af því að hann hafði stolið þessum hlut

6. Hvers vegna varð Leo orðlaus af undrun eftir að hann hafði ógnað gamla manninum?

- Af því að gamli maðurinn lét Leo fá alla peningana
- Af því að gamli maðurinn fór að tala um slitnu fötin
- Af því að sá gamli sýndi engin hræðslumerki
- Af því að sá gamli rétti upp hendur

7. Hvað borgaði gamli maðurinn mikið fyrir byssuna?

- Tvo dollara
- Þrjú dollara
- Fjóra dollara
- Fimm dollara

8. Hvað veldur því að lesandinn er frá upphafi bjartsýnn á góð endalok?

- Titill sögunnar gefur það í skyn
- Lesandinn fær strax samúð með Leo
- Kreppusögur enda oftast vel
- Kreppan var á undanhaldi

Jón Helgason

1. Hvar fæddist Jón Helgason prófessor?

- Á Rauðsgili í Borgarfirði
- Í Reykholti í Borgarfirði
- Í Kaupmannahöfn
- Í Reykjavík

2. Maðurinn er ekkert að flýta sér. Hvaða afleiðingar hefur það?

- Hann finnur hinn svala þyt golunnar
- Hann sér hvernig lífið getur leikið mennina
- Hann virðist missa af tækifæri sem lífið ætlaði að bjóða honum
- Hann öðlast frið í sálinni

3. Hvaða lærdóm telur þú að draga megí af innihaldi vísunnar?

- Það getur gefið góða raun að flýta sér hægt
- Maður á að „grípa gæsina“ þegar hún gefst
- Maður á ekki að fara til dyra þegar kvöld er komið
- Lífið er leikur

4. Hvers vegna er Lífið skrifað hér með stórum staf?

- Þetta er greinilega prentvilla
- Lífið er allt of stutt
- Lífið er persónugert og fær nafn
- Lífið er nafnorð með greini

Nína Björk Árnadóttir

1. Hvað hét fyrsta ljóðabók Nínu Bjarkar?

- Gömlu ljóðin mín
- Ung ljóð
- Notað og nýtt
- Stilltir strengir

2. Hvaða hættur steðja að í *Bernskuminningu úr Djúpi*?

- Veikindin og úfinn sjór
- Reiði Sæmundar
- Snjóflóð
- Þrumur og eldingar

3. Hvaða áhrif hafði sjóferðin á barnið?

- Það vildi ekki leika sér við sjóinn
- Það ákvað að verða sjómaður
- Það læknaðist af sjóveiki
- Það vildi ekki fara í vatn öll bernskuárin

4. Sýndu fram á að sjórinn sé persónugerður í ljóðinu.

- Sjórinn er sagður vera reiður
- Sjórinn er sagður reyna að kæfa barnið
- Sjórinn klýfur bátinn
- Sjórinn tekur barnið í fang sér

Þjóðsögur frá Grænlandi: Hvernig þokan myndaðist

1. Hvað er sérstakt við „líkið“ í sögunni.

- Það er farið að rotna
- Það er búið að stinga það á hol
- Það er mjög þungt
- Það er lifandi

2. Hvers vegna var fjallavætturinn svona þreyttur þegar hann kom heim?

- Leiðin heim var löng
- Byrðin var svo þung
- Hann svaf ekkert nóttina áður
- Hann hafði drukkið svo mikið vatn

3. Hvernig myndaðist þokan?

- Hún kom upp úr ánni
- Hún kom af útbæstri hvalanna
- Hún kom upp af konu fjallavættarins
- Hún kom úr sjónum

4. Atriðið þegar persóna úr „Óvinaliðinu“ drekkur vatnið úr ánni minnir á íslenskt ævintýri. Hvaða ævintýri?

- Söguna af Búkollu
- Söguna af Gilitrutt
- Ævintýrið af Hlina kóngssyni
- Ævintýrið af Velvakanda og bræðrum hans

Hvernig náhvalurinn varð til

1. Hvers vegna sagði móðirin syni sínum ekki satt um dráp bjarnarins?

- Hún var hrædd um að hann mundi reiðast
- Hún vildi ekki særa hann af því að hann var blindur
- Hún vissi að það mundi ekki skipta neinu máli
- Hún vildi ekki að hann fengi neitt af bjarnarkjötinu

2. Hvernig fékk blindi maðurinn sjónina?

- Með lyfjum frá læknum
- Með því að láta systur sína bera smyrsl í blindu augun
- Við það að lómurinn dró hann hvað eftir annað niður í vatnið
- Með því að láta sólina skína í augun

3. Hver er afstaða systurinnar til hins blinda bróður?

- Hún ber sömu tilfinningar til hans og móðir þeirra
- Hún er honum mjög hliðholl
- Hún vill ekki hjálpa honum
- Hún er hlutlaus í afstöðunni til hans

4. Hvernig losaði maðurinn sig við móður sína?

- Hann lét höfrunginn draga hann út í sjó
- Hann skaut hana með ör af boganum sínum
- Hann stakk hana með hníf
- Hann hrinti henni út í vatnið

5. Í hvað breyttist móðir sjónlausu mannsins?

- Í sel
- Í náhval
- Í höfrung
- Í hvítabjörn

6. Hvað varð um hárið á móðurinni?

- Það varð að þoku á himni
- Það breyttist í reipi um háls hennar (kyrkingaról)
- Það gránaði
- Það breyttist í vígtönn náhvals

7. Hvaða tilgangi þjónaði rostungstönnin?

- Hún nýttist sem vopn gegn óvinum mannsins
- Hún var notuð til að lífga systur mannsins við
- Hún var fyrst og fremst til skrauts
- Hún varð að tákni um frið á jörð

8. Hvað varð um konuna sem eignaðist barnabarn?

- Hún varð sjálfri sér að bana
- Hún tók af sér rassinn
- Hún lét sauma sig saman
- Hún fluttist í næsta þorp

Halldór Kiljan Laxness

1. Halldór Kiljan Laxness skrifaði m.a. eftirtalin verk:

- Fjallkirkjan og Svartfugl
- Mýrin* og *Konungsbók*
- Atómstöðin og Sjálfstætt fólk
- 79 af stöðinni og Land og synir

2. Konan sem bréfið er til hét...

- Ingibjörg Einarsdóttir
- Inga Halldórsdóttir
- Auður Laxness
- Inga Zoega

3. Hvað er það sem virðist hafa gefið Halldóri nýja trú á lífið?

- Að fá Nóbelsverðlaunin
- Að eingast börn
- Það að hafa kynnst stúlku eins og Ingu
- Að fá að ferðast um heiminn

4. Hvaða ávarpsorð notar Laxness aftur og aftur í bréfinu?

- Inga
- Auður
- Guðný
- Sigríður

5. Bentu á andstæður í miðefnisgreininni (miðparagrafinu).

- tungl – sól
- sólrík (borg) – myrkur (á vetrarkvöld)
- guð – kölski
- ungur – gamall

6. Hvað er það sem Halldór kvíðir fyrir en hlakkar jafnframt til?

- Að fara til Íslands
- Að fara til Ameríku
- Að opna fyrsta bréfið frá Ingu
- Að hitta Ingu aftur

7. Hvers vegna kvíðir Kiljan fyrir að opna bréfið?

- Hann er ekki með fast heimilisfang
- Hann býst jafnvel við vondum fréttum af foreldrum hennar
- Hann óttast að Inga sé búin að strika hann út
- Hann heldur að Inga geti kannski verið ólétt

8. Bentu á andstæður í síðustu efnisgreininni.

- hlakka til – kvíða fyrir
- kuldi – hiti
- sól – tungl
- hlæja – gráta

9. Bentu á nokkur dæmi sem sýna að Halldór Laxness brýtur gildandi stafsetningarreglur.

- Hann skrifar t.d. „mig þyrstir“
- Hann skrifat t.d. „dýrgrip“
- Hann skrifar t.d. „viðkynning“
- Hann skrifar t.d. trygð, alt og finst

K.N. (Káinn)

1. Káinn ...

- fæddist á Akureyri en settist að í Dakota
- fæddist í Dakota en lést á Akureyri
- var fæddur í Vesturheimi
- þótti ekki sérlega fyndinn

Um K.K. prest Ólafsson og K.N.

1. Hvor er meiri en hvor í fyrra erindinu?

- K.N. er meiri en presturinn
- Kristinn prestur er meiri en K.N.
- Þeir eru jafnmerkilegir
- Þeir eru jafnómerkilegir

2. Bentu á andstæður í kvæðinu.

- tungl/ sól
- lygi/ sannleikur
- bestur/ verstur
- kristni/ heiðni

3. Lýstu háðinu í orðum Káins.

- Káinn segir að prestar eigi að elska náungann
- Skáldið telur að prestar séu fyrirmynd annarra
- K.N. segir að almúgamenn séu eigingjarnir
- Káinn segir að guðsmaðurinn sé bestur við sjálfan sig

4. Út frá ljóðstöfunum í fyrstu tveimur braglínunum áttu að geta sagt til um það hvernig K.N. bar fram hv-hljóðin. Hvernig bar hann hv fram?

- Eins og kv
- Eins og h
- Eins og gv
- Eins og vera ber

5. Sýndu fram á innrím í línunum 1 og 3 í hvorri vísu um sig.

- hvar/ meiri; hér/ þar
- sér/ fleiri; sem/ er
- prest / best; prest/ verst
- alltaf/ oft; sjaldan/ stundum

Mynd

1. Hvað virðist þér felast í orðum Káins í seinni vísuhelmingnum?

- Að hann sé fríður
- Að hann sé ófríður
- Að hann sé skemmtilegur
- Að hann sé leiðinlegur

Örvænting

1. Við hvað líkir skáldið sjálfum sér?

- Gamla flík
- Líkkistu
- Lík
- Fatakistu

2. Um hvers konar kistur er rætt í vísunni.

- Fatakistu og líkkistu
- Líkkistur
- Fatakistur
- Skartgripaskrín

Lesendabréf í dagblaði um áhættu sem fylgir tækninni

1. Hvað finnst þér sérstakt við tímann (æviskeið mannsins) sem lýst er í þessari frásögn?

- Hann talar um tímaleysið
- Hann talar einkum um samtíma sinn
- Hann talar um það sem á eftir að gerast
- Hann talar um liðna tíð eingöngu

2. Hvers vegna var kassinn með minningunum tómur?

- Af því að maðurinn notfærði sér ekki nútíma tækni
- Af því að á þessum tíma var tölvan ekki notuð almennt
- Af því að maðurinn týndi kassanum sem var fullur af myndum og bréfum
- Af því að maðurinn hafði aldrei skrifað neitt á pappír

Gerður Kristný:

Norður

1. Hvernig tengist titill ljóðsins innihaldi þess?

- Fólkið er í bíl á norðurleið
- Fólkið er statt á Norðurlandi
- Fólkið býr fyrir norðan
- Það er vindur að norðan

2. Í fyrstu línunum má segja að sé þversögn:

- Fólkið er eins og hvalur
- Heiðin er ófær
- Hvalir geta ekki verið uppi á heiðum
- Sortinn er hvítur

3. Hver er fastheldinn á sitt?

- Vindurinn
- Sortinn
- Heiðin
- Búrhvalurinn

4. Í hvaða ævintýri er vísað í ljóðinu?

- Litlu stúlkuna með eldspýturnar
- Hlina kóngsson
- Öskubusku
- Búkollu

5. Hvers vegna er talað um vök og blástur í lokálínunum?

- Fólkið á í vök að verjast
- Allir eru orðnir móðir af áreynslunni
- Orðin eru sett í samband við fyrstu ljóðlínuna
- Fólkið þarf að hvíla sig

6. Hvað kallast það þegar t.d. dimmviðri er fastheldið á sitt?

- Viðlíking
- Andstæður
- Hliðstæður
- Persónugerving

7. Fyrir hvaða bók fékk Gerður Kristný Íslensku Bókmenntverðlaunin?

- Mörtu smörtu
- Ljóðabókina *Blóðhófnir*
- Myndina af pabba
- Bátur með segli og allt

Vesturbær

1. Hvaða brauðmola og hvaða ævintýri ætli skáldið vísi þarna í?

- Öskubusku
- Mjallhvít
- Ævintýrið um Hans og Grétu
- Rauðhettu

2. Skáldið rekst á stakan vettling á garðvegg á hverjum degi. Hvaða hugsun kviknar hjá henni?

- Að börnin eigi erfitt með að rata heim
- Að börnunum leiðist í stórborginni
- Að börnin geri þetta að gamni sínu til að líkjast Hans og Grétu
- Að börnum líði illa í skólanum

Kirkjufell

1. Hvers vegna er í kvæðinu talað um „svart segl sem nóttin dregur upp“?

- Nóttin er svört
- Fjallið minnir á segl og dökkar þegar skyggir
- Segl eru yfirleitt svört á nóttunni
- Nóttin er persónugerð

2. Nóttin dregur upp segl? Á hvað minnir nóttin þegar svona er tekið til orða?

- Sjómann
- Bónða
- Iðnaðarmann
- Skipstjóra á togara

3. Hvað sérðu fyrir þér þegar sagt er í ljóðinu að ský lykist um siglu?

- Skýin sigla á himninum
- Það er rigning
- Það er viðvarandi þoka
- Það eru ský efst í fjallinu

4. Í fyrstu tveimur línunum er dæmi um ...

- myndhverfingu
- persónugervingu
- viðlíkingu
- andstæður

Guðrún Eva Mínervudóttir:

Mikið vildi ég vita hvernig hún mamma þín lítur út

1. Fyrir hvaða bók fékk Guðrún Eva Íslensku bókmenntaverðlaunin?

- Allt með kossi vekur
- Á meðan hann horfir á þig
- Mikið vildi ég vita hvernig mamma þín lítur út
- Blessuð sólin elskar allt

2. Hver hafði mikinn bók?

- Karlarnir
- Ruslatunnurnar
- Ölvir
- Köngulóin

3. Hvaða bann virðir stúlkan ekki?

- Hún drepur köngulær
- Hún tekur glerkúlurnar
- Hún fer út úr garðinum og portinu
- Hún tekur sælgæti úr skápnum

4. Hvaða kirkju og hvaða spítala heldur þú að talað sé um í sögunni?

- Langholtskirkju og Langholtsskóla
- Landakotskirkju og Landakotsspítala
- Hagaskóla og Neskirkju
- Akureyrarkirkju og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

5. Nefndu dæmi um að skegjaði maðurinn vilji telpunni vel.

- Hann gaf henni bækur
- Hann keypti blóm handa mömmu hennar
- Hann vildi ekki að móðirin hefði áhyggjur
- Hann vildi styðja hana til mennta

6. Nefndu þá sem drepa sér til gamans í sögunni.

- Stúlkan, tígrisdýrið (og hugsanlega kvenköngulóin)
- Ljónið, gamli maðurinn og stúlkan
- Krókódíllinn, pardusdýrið og stúlkan
- Krókódíllinn, hlébarðinn og pandan

7. „...þegar limlestingar og dráp eru daglegt brauð þá hættir maður að fá hroll í hvert skipti...“

Þetta og fleira sýnir að í sögunni er á kaldhæðinn hátt deilt á...

- trúarbragaðstýrjaldir
- efnishyggju
- grimmd mannsins
- lífsgæðakapplaupið

Ingibjörg Haraldsdóttir: Vélahjólamaður

1. Við hvaða dýr virðist vélahjólamaður líkt í upphafi?

- Ketti
- Ljón
- Hunda
- Hlébarða

2. Hvaða orðatiltæki er farið frjállega með í kvæðinu?

- Að hafa allt á hornum sér
- Að vera harður í horn að taka
- Að taka í horn á geitinni
- Að vera hornóttur

3. Hvert eftirfarandi nafnorð má nota um hugarástand konunnar sem mætir vélahjólamaðurinum?

- ótti
- gleði
- tilhlökkun
- sorg

4. Hvaða stílbragði (nánar tiltekið: hvers konar myndmáli) er beitt þegar talað er um óttann?

- Myndhverfingu
- Viðlíkingu
- Beinni mynd
- Persónugervingu

Morgunblaðið

– Góðan daginn!

1. Hvað er það sem fer „út í æðarnar“?

- Morgunkaffið
- Innihald Morgunblaðsins
- Svart kaffi almennt
- Kaffi með mjólk (kaffi latte)

2. Hvað er átt við með orðunum „hvítt er svart/ svart er hvítt“?

- Að blaðið hafi fremur látið stjórnast af pólitík en sannleiksást
- Að blaðið hafi haft áhuga á myndlist
- Að oft hafi verið gripið til orðaleikja í blaðinu
- Að sumir drekki svart kaffi, aðrir mjólkurblandað

3. Hvað telur þú að átt sé við með orðunum „rautt er betra dautt“?

- Átt er við að rauði liturinn sé tákn framsóknarmanna
- Átt er við neikvæða afstöðu til vinstri grænna
- Hér er átt við neikvæða afstöðu til rauða litarins almennt
- Átt mun við að blaðið hafi haft skömm á kommúnisma

4. Nefndu tvö lönd þar sem Ingibjörg Haraldsdóttir bjó lengi í.

- Rússland og Kúba
- Þýskaland og Ítalía
- Kína og Færeyjar
- Bandaríkin og Kanada

Hvítabjörn felldur

1. Hvaða nafnorð var notað um unga menn sem sátu við eld og sinntu engum störfum?

- eldsætur
- ribbaldar
- kolbítar
- hetjur

2. Á hvaða ferðalagi voru feðgarnir Arngeir og Þorgils þegar björninn drap þá?

- Þeir voru á selveiðum
- Þeir voru á hákarlaskipi
- Þeir voru á leið til Noregs
- Þeir voru að leita að fé

3. Hvernig hefndi Oddur bróður síns?

- Með því að drepa björninn
- Með því að éta björninn
- Með því að sjúga blóðið úr birninum
- Með því að ganga berserksgang

4. Hvað var Oddur lengi að komast norðan af Melrakkaslétu og suður í Þjórsárdal?

- Eina nótt
- Tvær nætur
- Þrjár nætur
- Fjóra daga

5. Hvað kallast íbúar Þjórsárdals í textanum?

- Dalverjar
- Þjórsdælir
- Þjórsdælingar
- Þjórsárdalsbúar

6. Hvaða villt dýr virðast lengi hafa haft búsetu á Melrakkaslétu?

- Hreindýr
- Villisvín
- Minkur
- Refurinn

Ásólfur alskik og silungurinn

1. Hvaðan var Ásólfur og hverrar trúar var hann?

- Frá Írlandi; hann var heiðinn
- Frá Írlandi; hann var kristinn
- Frá Skotlandi; hann var kristinn
- Frá Alsír; hann var múhameðstrúar

2. Hvaða undur fylgdu Ásólfvi og mönnum hans undir Eyjafjöllum?

- Árnar, sem þeir reistu skála hjá, fylltust af fiski
- Ásólfsskáli reis á einni nóttu
- Þrír menn létust í tjaldi Ásólfis
- Enginn veit hvað orðið alskik merkir

3. Hvers vegna komu bændur undir Eyjafjöllum illa fram við Ásólf og menn hans?

- Af því að Ásólfur og fylgdarlið hans var heiðið fólk
- Af því að Ásólfur og fylgdarlið hans var kristið fólk
- Af því að Ásólfur sýndi Eyfellingum óbilgirni
- Af því að Ásólfur reisti kirkju undir Eyjafjöllum

4. Hvað má kallast kraftaverk í sambandi við kirkjubygginguna á Innra-Hólmi?

- Að árnar við Innra-Hólm skyldu fyllast af fiski
- Að tjaldið skyldi brenna
- Að kirkjuviðinn skyldi reka þar á land
- Að bóndinn skyldi reka kýr inn í kirkjuna

Jóhann Magnús Bjarnason:

Litla stúlkan

1. Hvað merkir setningin „hún var alin upp á sveit“?

- Þetta merkir það sama og „hún var alin upp í sveit“
- Hún var alin upp á kostnað sveitarfélagsins
- Hún bjó í sveitinni í æsku sinni
- Hún fékk hollan sveitamat í uppvexti sínum

2. Hvað var stúlkan gömul þegar hún var send til Vesturheims?

- Þrettán ára (eða þar um bil)
- Fjórtán ára (eða þar um bil)
- Fimmtán ára
- Sextán ára

3. Hver borgaði fargjald stúlkunnar til Vesturheims?

- Skyldmenni hennar í Vesturheimi
- Foreldrar hennar
- Prestshjónin í sveitinni
- Sveitarfélagið (hreppurinn) þar sem hún átti heima

4. Hvernig endaði vistin hjá kerlingunni og „karlhrófinu“?

- Stúlkan ákvað að þrauka út árið
- Stúlkan strauk þaðan
- Stúlkan giftist syni hjónanna
- Stúlkan ákvað að flytjast til Íslands eftir tveggja ára vist

5. Hvað á stúlkan sameiginlegt með Jóhanni Magnúsi, höfundu kvæðisins?

- Hún fékk eins og hann tækifæri til að fara í skóla í Kanada
- Hún strauk úr vistinni eins og hann
- Hún gerðist rithöfundur
- Hún dó úti í skóginum eins og hann

6. Undir hvaða bókmenntastefnu myndir þú flokka kvæðið *Litla stúlkan*?

- Upplýsinguna
- Nýrómantík
- Raunsæisstefnuna
- Rómantísku stefnuna

Dagbók vesturfara:

29. maí 1918

1. Hvaða orð notar Jóhann Magnús yfir fréttaritara?

- fregnritari
- blaðamaður
- fréttamaður
- blaðafulltrúi

2. Hvaða nafn ætli Kanadamenn hafi notað um Hólmsfríði Sveinsdóttur?

- Hófi Sveins
- Fríða Swanson
- Friða Svenna
- Hoffa Swanson

3. Á hvaða aldursbili gæti Kínverjinn hafa verið?

- 35–45 ára
- 25–35 ára
- 35 ára
- 25–45 ára

4. Hvað bendir til þess að Kínverjinn í Vancouver hafi ekki hlegið af hjartanlegri gleði?

- Augu hans voru köld og hörð
- Augu hans voru geislandi þegar hann hló
- Það var harka í yfirandlitinu
- Hann var ekki með spékoppa

5. Jóhann Magnús beitir stílbragði sem stundum er kallað *breytt endurtekning* eða *klifun* til að gera textann áhrifameiri en ella væri. Bentu á þetta stílbragð.

- Hann var/ hann ætlaði/ hann virtist o.s.frv.
- Kínverji/ Kínverji o.s.frv.
- Hann hló/ hann hló dátt o.s.frv.
- Í dag/ í dag o.s.frv.

6. Eftirfarandi sögur eru eftir Jóhann Magnús Bjarnason:

- Anna frá Stóru Borg og Leysing
- Brasilíufararnir og Eiríkur Hansson
- Sjálfstætt fólk og Salka Valka
- Aðventa* og *Svartfugl*

7. Atvikin sem textinn lýsir gerðust á

- kreppuárunum kringum 1930
- kaldastríðsárunum
- tímum heimsstyrjaldarinnar fyrri
- tímum heimsstyrjaldarinnar síðari

11. júní 1918

1. Hver er ástæðan fyrir því að Jóhann Magnús fer að tala um John Gay?

- Þeir voru samstúdentar
- Þeir skrifuðu báðir ævisögur
- Gay og Magnús áttu báðir heima í Kanada
- John Gay skrifaði stuttar sögur eins og Jóhann Magnús

2. Með hvaða ensku orði þýðir Jóhann Magnús orðið *dæmisaga*?

- fable
- anecdote
- short story
- novel

3. Hvað var það sem auðgaði Gay?

- Dæmisögurnar
- Leikritið *Beggar's Opera*
- Sagan Lávarðurinn og biskupinn
- Safn orðaleikja

4. Hvað var það sem gladdi Rich?

- Leikritið *Beggar's Opera*
- Sagan Lávarðurinn og biskupinn
- Safn orðaleikja
- Dæmisögurnar

Lávarðurinn og biskupinn

1. Hver er afstaða höfundarins til hegðunar lávarðarins? Bentu á eitt atviksorð, eitt lýsingarorð og eitt nafnorð sem segir til um skoðun höfundar.

- sjálfkrafa, fagur, lávarður
- aldrei, hraustur, yfirsjón
- eingöngu, fánýt, æskusyndir
- þóttalega, drýldinn, drempilæti

2. Hvaða lýsingarorð telur þú að megi nota um persónuleika lávarðarins?

- glaðlegur, auðmjúkur, hjálpsamur
- sjálfelskur, þrjóskur, hrokafullur
- skemmtilegur, heillandi, lífsglaður
- bókhneigður, skáldmæltur, spekingslegur

3. Hvað merkir orðið *drýldinn*?

- montinn; öngur
- sterkur; kraftmikill
- þrjóskur; staðfastur
- glaður; reifur

Hulda:

Ljáðu mér vængi

1. Hvað hét Hulda réttu nafni?

- Unnur Benediktsdóttir Bjarklind
- Theodóra Thoroddsen
- Jakobína Johnson
- Júlíana Jónsdóttir

2. Á hvaða árstíma telur þú að kvæðið sé ort?

- Að hausti til
- Að vori til
- Að vetri til
- Að sumri til

3. Um hvað biður konan grágæsamóðurina?

- Að gefa sér bliknuð blóm
- Að lána sér vængi og veita sér samfylgd
- Að eyða skuggunum
- Að gefa sér lítið fley

4. Hvers konar „vængi“ á skáldkonan í rauninni við?

- Gæsavængi
- Svanavængi
- Ekki raunverulega vængi heldur einungis fjaðrir
- „Vængi“ sem gera það kleift að löngun hennar og þrá rætist

5. Hver beið ekki eftir hverjum?

- Grágæsamóðirin beið ekki eftir konunni
- Konan beið ekki eftir grágæsamóðurinni
- Haustið beið ekki eftir blómunum
- Hið léttu fley beið ekki eftir gæsinni

6. Grágæsamóðirin flýgur yfir hafið. Virðist þér eitthvað koma á óvart um ferð hennar?

- Ekkert sérstakt vekur athygli í þessu sambandi
- Það vekur athygli að hún skuli fljúga að blómlegri ey
- Það vekur athygli að grágæsamóðirin skuli eiga fley
- Athygli vekur að gæsirnar virðast vera margar saman á ferð

Gyrðir Elíasson: Kjallarinn

1. Sagan *Kjallarinn* birtist í smásagnasafninu *Milli trjáanna*. Hvaða viðurkenningu fékk Gyrðir Elíasson fyrir þá bók?

- Íslensku bókmenntaverðlaunin
- Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs
- Nóbelsverðlaunin
- Bókmenntaverðlaun KS (Kaupfélags Skagfirðinga)

2. Hvers vegna ætli birtan í kjallaranum sé grænleit?

- Herbergið er grænmálað
- Glerið í glugganum er grænt
- Það er eins og liturinn af stráunum hafi þessi áhrif
- Herbergið hafði nýlega verið hreinsað með grænsápu

3. Hvers vegna ætli Gyrðir noti orðið „neðansjávarlegur“ um kjallarabirtuna?

- Kjallarinn hafði verið innréttaður líkt og um sjávardjúp væri að ræða
- Grænleit birtan í kjallaranum vekur þessi tengsl við grænan sjóinn
- Kjallarinn er vel fyrir ofan yfirborð sjávarins
- Það eru mjög oft geymd fiskabúr í kjallaranum

4. Hvað bendir til að maðurinn sé í fyrsta sinn að hleypa af byssu í kjallaranum?

- Hann virðist vera nýbúinn að eignast loftrifilinn
- Hann er nýfluttur í húsið
- Hann hafði ekki orðið var við neinar rottur áður
- Það kemur honum á óvart hvað hvellurinn er hár

5. Hvar kemur *rottubani* fram í sögunni annars staðar en hjá manninum?

- Gildran er rottubani
- Blóðbletturinn er sannkallaður rottubani
- Grái reykurinn minnir á kött (rottubana) í veiðihug
- Orðið rottubani kemur ekki fram í texta Gyrðis

6. Hvers vegna eitraði maðurinn ekki einfaldlega fyrir rottunum?

- Af því að hann ætlaði að éta þær
- Af því að kötturinn á heimilinu hefði getað komist í eitrið
- Af því að eitur er umhverfismengandi
- Af því að það hefi getað vakið illan grun hjá nágrönnum

7. Finndu í textanum a.m.k. tvö samsett lýsingarorð sem fela í sér lit.

- hærri, rólegur
- víðáttumikill, fjærstur
- dimmgrænn, sólgulur
- steinsteyptur, óhreinn

8. Stráin eru sögð líkjast sjávargróðri. Hvernig tengist sú fullyrðing því sem áður hefur komið fram um „andrúmsloftið“ í kjallaranum?

- Hún tengist t.d. orðinu *neðansjávarlegur*
- Hún tengist t.d. þeirri staðreynd að rottur eru gjarnan við sjó
- Hún tengist þeirri staðreynd að grasið er grænt
- Hún tengist fiskabúrinu í kjallaranum

Um refi

1. Hvaða tilgangi þjóna áflog refanna á bjargbrúninni í Snæfellsnessögunni?

- Þannig finna refirnir hver þeirra er sterkastur
- Þannig styrkjast refirnir og eiga eftir það auðvelt með að fara niður í bjargið
- Þeir þurfa að losna við hluta af refastofninum því að annars er hætt við að þeir svelti
- Þetta er hluti af kenningunni um að sá besti lifi af

2. Hvað kallast afkvæmi refsins (sjá söguna úr Kjósarsýslu)?

- kópar
- kálfar
- yrðlingar
- húnar

3. Hvernig er eignarfall fleirtölu af orðinu greni?

- grenjum
- grenja
- grena
- grenis

4. Hvað merkir orðið *grenlægja* (sjá söguna úr Borgarfjarðarsýslu)?

- grenjaskytta (sem liggur í leyni)
- refur (karlkyns)
- ósjálfbjarga yrðlingur í greni
- kvenkyns tófa

5. Hvað eru verðlaunin há fyrir að leggja inn tíu refaskinn?

- tveir ríkisdalir
- tíu ríkisdalir
- fimm ríkisdalir
- einn ríkisdalur

6. Hver er munurinn á *refakökum* og *dýrahnöttum*?

- Refakökur og dýrahnöttir eru sama fyrirbærið
- Refakökur eru bakaðar í ofni en dýrahnöttir eru steiktir á pönnu
- Í refakökum eru járnkrókar en dýrahnöttir innihalda eitur
- Refakökur innihalda eitur en í dýrahnöttum eru járnkrókar sem festast í dýrinu

7. Nefndu tvenns konar rætur sem refurinn étur (sjá Vestfjarðakafinn).

- gulrætur og rófur
- hvannarætur og meljur
- rôtarskot og birkirætur
- víðirætur og lyngrætur

8. Hvenær ganga refir aftur á bak?

- Þegar þeir sjá veiðimanninn
- Þegar þeir ætla að ná lambi
- Þegar þeir eru á mávaveiðum
- Þegar þeir hafa fengið í sig skot

9. Hvaða vísbendingu gefur það þegar skottið á syndandi ref fer að síga?

- Það bendir til þess að rebbi sé farinn að þreytast
- Það bendir til þess að hann sé í veiðihug
- Þá er hann að safna kröftum
- Þá er hann að búa sig undir áhlaup á bráðina

Beinagrind staðarvinnumanns

1. Nefndu tvennt sem var mjög óvenjulegt við beinagrindarfundinn.

- Beinir voru farin að morkna og hárið alveg horfið
- Beinagrindin var samhangandi og þar að auki var tungan enn í henni
- Það vantaði hauskúpuna og þumal fingur hægri handar
- Það vantaði hægri hönd og vinstri fót

2. Hver átti einkarétt á rekanum (rekaviðnum)?

- bóndinn á bænum
- sýslumaðurinn
- kirkjan
- vinnufólkið sem fann rekaviðinn

3. Hvaða orð er notað yfir „dimmt“ í sögunni?

- myrkt
- rökkvað
- húmað
- niðdimmt

4. Hver telur þú að maðurinn með rauðu hífuna hafi verið?

- Heimapresturinn sem afhenti stúlkunni lykilinn
- Biskupinn
- Prófasturinn
- Faðir stúlkunnar sem átti barnið með vinnumanninum

5. Finndu tvö eða þrjú beygingar- eða stafsetningaratriði sem skera sig lítillga frá nútímamáli.

- skaltú; hefir; gjöra
- maðr, þennan, taktú
- skaltú, sönghús, heimaprestur
- sakramenti, sálarhlið, sönghús

6. Hvert eftirtalinna atriða á vel við um þessa sögu?

- Í sögunni er deilt á almúgafólk
- Í sögunni er fjallað um hag lands og lýðs
- Í sögunni er deilt á presta
- Sagan er í eðli sínu söguleg skáldsaga

Sagan af Parthúsa-Jóni

1. Bentu á viðlíkingu sem tengist útliti konunnar.

- Hún var eins og blóm í egg
- Konan var eins og strokkur á hvolfi (mjórri neðst en breikkaði upp)
- Hún var eins og tungl í fyllingu
- Hún var eins og þanið segl

2. Orðið *hvoftur* tengist fremur dýrum en mönnum. Hvers vegna ætli þetta orð sé notað um stúlkuna?

- Af því að mennirnir halda að þarna sé ekki mennsk manneskja á ferð
- Af því að þetta voru karlrembur
- Af því að mörkin milli manna og dýra eru stundum óglögg
- Af því að þeir þekktu stúlkuna svo vel

3. „...biður hann hann að fara eigi einan saman yfir heiðina.“ Í hvaða falli standa *hann* og *hann*?

- Fyrri orðið stendur í nefnifalli; seinna orðið stendur í þágufall
- Fyrri orðið stendur í þolfalli; seinna orðið stendur í nefnifalli
- Fyrri orðið stendur í nefnifalli; seinna orðið stendur í eignarfalli
- Fyrri orðið stendur í nefnifalli; seinna orðið stendur í þollfalli

4. Lestu málshátt út úr setningu þar sem orðið *sköp* kemur fyrir.

- Guð skapaði manninn
- Þeim var ekki skapað nema skilja
- Ekki má sköpum renna
- Enginn veit sína ævina fyrr en öll er

5. Hvaða orð eru höfð í sögunni um það að *gista*?

- beiðast gistingar
- ná háttum
- vera úthýst
- hafa náttstað

6. Hvað bendir til að eitthvað yfirnátúrllegt tengist veikindum fylgdarmannsins?

- Hann fór aldrei einn yfir heiðina
- Hann hressist strax og Jón er lagður af stað
- Fylgdarmaðurinn sagðist vera feigur
- Hann sá ofsjónir

Kate Chopin: Saga um klukkustund

1. Viðfangsefni Kate Chopin er gjarnan ...

- Staða og reynsla karla í Bandaríkjunum við lok 19. aldar
- Staða og reynsla barna í Bandaríkjunum við lok 19. aldar
- Staða og reynsla kvenna í Bandaríkjunum við lok 19. aldar
- Staða og reynsla þeldökkra í suðurríkjum Bandaríkjanna við lok 19. aldar

2. Hvers vegna flýtti Richard sér til frú Mallard að tilkynna henni lát mannsins hennar?

Af því að ...

- hann vissi að hún yrði fegin
- hann vildi ekki að einhverjir ónærgætnari gerðu það
- það var ekki um aðra vini að ræða
- hún átti við geðræn vandamál að stríða

3. Nefndu tvennt sem fólst í svip frú Mallard þar sem hún sat í stólnum við gluggann.

- Merki um gleði og sorg í senn
- Hroki og hleypidómar
- Vansæld og þreyta
- Merki um undirokun en einnig um styrk

4. Frú Mallard missti út úr sér orð sem hún hafði þó reynt að hrinda úr hugsun sinni.

Hvaða orð var það?

- Orðið *frelsi*
- Orðið *kúgun*
- Orðið *peningar*
- Orðið *einsemd*

5. Hvað hafði frú Mallard óttast daginn áður en sagan gerðist?

- Hún hafði óttast að líf hennar yrði stutt
- Að hún væri komin með alvarlegan sjúkdóm
- Hún hafði óttast að líf hennar yrði langt
- Að hún mundi aldrei sjá manninn sinn aftur

6. Hvað stenst ekki í úrskurði læknanna um orsök hjartaáfallsins?

- Að frú Mallard hafi dáið af gleði yfir heimkomu mannsins síns
- Að frú Mallard hafi dáið af skelfingu yfir heimkomu mannsins síns
- Að frú Mallard hafi verið með kransæðastíflu
- Að frú Mallard hafi fengið heilablóðfall

7. Voru einhverjar upplýsingar snemma í sögunni um heilsuleysi konunnar?

- Fram kemur að konan hafi verið með lungnabólgu
- Fram kemur að konan hafi verið hjartveik
- Það er tekið fram að konan hafi átt við geðræn vandamál að stríða
- Sagt er í upphafi sögu að kona hafi verið með vöðvabólgu

8. Hvað er að segja um a) innri tíma og b) ytri tíma sögunnar?

- Innri tími: ein vika; ytri tími: um 2000
- Innri tími: ein klukkustund; ytri tími: um 1890
- Innri tími: einn dagur; ytri tími: um 1990
- Innri tími: tveir dagar; ytri tími: um 1790

Velgengni

1. Hvaða skoðun hafði Erik á leik Mortens í upphafi?

- Honum fannst hann falla vel að liðsheildinni
- Honum fannst Erik góður í vörninni en ekki í sókninni
- Honum fannst Erik bestur á kantinum
- Honum fannst hann ekki falla nógu vel að liðsheildinni

2. Nefndu dæmi um hvað Morten lagði á sig til að ná árangri.

- Hann gerði ýmsar aukaæfingar og fór á sérstakt fæði
- Hann fækkaði aukakílóum og fór að æfa sund
- Hann fór að drekka orkudrykki og borða feitt kjöt
- Hann flutti aftur heim til mömmu

3. Hvaða áhrif hafði velgengni Mortens á stöðu Eriks í liðinu?

- Hann átti að færa sig fram og skapa svigrúm fyrir Morten
- Hann átti að færa sig aftar og skapa svigrúm fyrir Morten
- Hann átti að vera ásamt Morten fremst í sókninni
- Hann átti að fara í vörnina vinstra megin en bruna svo fram

4. Nefndu dæmi um framkomu Eriks við Mónu eftir að Morten fór að ganga vel í boltanum.

- Hann varð blíðari við hana
- Hann fór að halda framhjá
- Hann hætti að taka að sér þau heimilisverk sem hann hafði sinnt
- Hann brást illa við spurningum hennar í sambandi við námið

5. Lýstu líðan Eriks þegar hann heyrði af slysinu.

- Hann losnaði við steininn í maganum
- Hann kastaði upp
- Hann fékk stein í magann
- Hann fékk höfuðverk

6. Hvers vegna hætti Erik að keppa með liðinu sínu? Hann gat ekki hugsað sér að ...

- hætta í skóla og gerast atvinnumaður
- lenda í því sama og Morten
- taka neina áhættu með ökkla
- þurfa að lenda aftur í því sem gerðist í sambandi við Morten

7. Veldu það orð sem lýsir einna best kjarna sögunnar.

- unglingsárin
- afbrýðisemi
- þunglyndi
- ástarþríhyrningur

8. Hver eftirtalinna málshátta á best við um þessa sögu?

- Maður er manns gaman
- Sækjast sér um líkir
- Batnandi manni er best að lifa
- Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi

Úr æviminningum Tryggva Emilssonar: *Fátækt fólk*

1. Hver var ástæðan fyrir því að spenna myndaðist milli bóndans í Öxnadal í Eyjafirði og Skagfirðinga?

- Deilt var um landamerki
- Hross úr Skagafirði fóru í bithaga bóndans
- Deilt var um verð á hrossakjöti
- Hross úr Skagafirði eyðilögðu gaddavírsgirðingar bóndans í Öxnadal

2. Fyrir hvað var Magnús bóndi á Gili ásakaður?

- Fyrir að hafa viljandi rekið trippin í gjána
- Fyrir að hafa skotið á skagfirsku hrossin
- Fyrir að hafa rekið hross sín í beitiland Skagfirðinga
- Fyrir að hafa ekki sinnt opinberum kvörtunum Skagfirðinga

3. Hvert eftirtalinna atriða er nefnt í frásögninni sem möguleiki.

- Að Skagfirðingar hafi sjálfir rekið trippin fram af brúninni
- Að skagfirsku hrossin hafi í rauninni aldrei farið inn á land Magnúsar
- Að Eyfirðingar hafi notfært sér slysið til að klekkja á Skagfirðingum
- Að trippin hafi hlaupið fram af brúninni í dimmri þoku

4. Hvers vegna fór konan frá barninu sínu í frásögninni *Konan sem hljóp út á leiti*?

- Hún var að gá til veðurs
- Hún var að gefa lambinu pela
- Hún hélt að bóndi sinn væri farinn að eltast við kaupakonuna
- Hún ætlaði að kalla á bónda sinn í kaffi

Theodóra Thoroddsen:

Mitt var starfið

1. Þetta kvæði er ort undir ferskeyttum hætti, algengasta rímnahættinum. En hvaða bragform er Theodóra þekktust fyrir?

- Þuluformið
- Sonnettuformið
- Rímnahættina gömlu
- Átthendu

2. Nefndu þrennt sem einkenndi starf konunnar í kvæðinu.

- Þvo þvott, fara í búðir, lesa fyrir börnin
- kaupa inn, svæfa börn, elda mat
- skeina krakka, greiða þeim og stoppa í göt
- sækja fundi, stjórna fyrirtæki, fara í heilsuræktina

3. Hvaða nafnorð lýsir best því sem konan þráði?

- frelsi
- saumaskapur
- ritstjórn
- dauði

4. Þörfin er persónugerð í ljóðinu. Hvernig þá?

- Þörfin er látin hafa rödd
- Þörfin gat hengt hluti á snaga
- Þörfin er með hníf
- Þörfin er óáþreifanleg

5. Hvaða fullyrðing á best við um innihald kvæðisins?

- Konur hafa frelsi til að sinna áhugamálum sínum
- Börnin vilja hafa mömmu heima
- Konur eru konum verstar
- Ráðandi öfl í samfélaginu eru andsnúin því að konan fái mikið svigrúm

6. Hvernig sér konan framtíðina fyrir sér?

- Hún sér fram á betri tíma
- Hún sér ekki fram að eigið hlutskipti batni mikið
- Hún vill staga fram í rauðan dauðann
- Hún átti sér enga sérstaka drauma um betra líf

7. Hvaða orð fær sérstakan sess í kvæði Theodóru?

- Sögnin *staga*
- Nafnorðið *frelsi*
- Nafnorðið *helvíti*
- Sögnin *keppast*

8. Bentu á andstæður í fyrstu vísunni.

- staga – daga
- skeina – kemba
- krakki – kona
- heitur – kaldur

9. Hvert eftirtalinna orða á best við um anda ljóðsins?

- Fróðleikur
- Húmor
- Þunglyndi
- Fíflagangur

Hugrún: Útþrá

1. Geturðu tengt heiti ljóðsins við lokaerindið?

- Bláu fjöllin tengja titil og endi
- Talað er um þrá á báðum stöðum
- Talað er um úthöfin á báðum stöðum
- Talað er um ástina á báðum stöðum

2. Hvaða lykilorð, sem segja til um andann (hugblæinn) í ljóðinu, eiga best við?

- friður, kyrrð, blíða, töfrar, þrá
- hávaði, háreysti, garg, surg
- fuglasöngur, þytur í laufi, hanagal
- verksmiðjukliður, umferðarglymur

3. Talað er um *þrá* í ljóðinu. En hvernig virðist skáldkonunni líða?

- Henni virðist líða vel
- Henni líður illa
- Hún er sár yfir því að þurfa að vaka yfir börnunum
- Hún er augljóslega vansæl í hjónabandi

4. Hvað er það sem börnin og „dulinn máttur dýrðarheima“ eiga sameiginlegt?

- Að vera andvaka
- Að vera til vandræða
- Að þrá að komast í burtu
- Að draga andann

5. Hvað hét Hugrún réttu nafni?

- Hulda
- Unnur Benediktsdóttir Bjarklind
- Erla
- Filippía Kristjánsdóttir